

Nr. 29/1880

Rjettvísing

gegn

Jóni Þórðarsyni.

Dómur:

Það er í máli þessu með eigin játningu hins ákærða, Jóns Þórðarsonar, og öðrum atvikum löglega sannað, að hann á árinu 1878 hefur ranglega skrifað nöfn tveggja annara manna undir 3 ávísanir, sem sje, 5. marzmán. nafn Sigríðar Jónsdóttur, sem eptir framburði hans hefur rangskrifazt Sigríður Jónsdóttir í stað: Sigríður Þórarinsdóttir, 29. nóvbrmán. nafn sömu konu rjett ritað, og sama dag nafn Ásgeirs Kristjánssonar. Út á þessa sedla tók hann eða ljét taka við verzlun Sass & sona á Ísafirði; þó var ekki allt tekið út, sem á ávísununum stóð, heldur aðeins fyrir 29 kr. 72 a. upphæð. Það, sem hann tók út, hagnýtti hann sjer, en andvirði hins úttekna hefur hann, meðan á málinu stóð, endurborgað. Hinn ákærði hefur að vísu látið í veðri vaka, að hann hafi þókzt eiga til skulda að telja hjá Sigríði Þórarinsdóttur og Ásgeiri Kristjánssyni, en það er hvorttveggja, að litlar líkur eru til, að þessi framburður hans sje sannur, enda er verk hans vítavert, þó svo hefði verið.

Hinn ákærði, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefur áður sætt ákæru eða hegningu, hefur þannig orðið brotlegur gegn alm. hegningarl. 270. gr., og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega metin af hjeradsdómaranum 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvörðun hjeradsdómsins um málskostnað, þar með talin málsfærslulaun, ber að staðfesta hann.

Að því snertir meðferð málsins í hjerði, skal það

athugað, að stefna sú til yfirdómsins, sem hjeradsdóm-
arinn hefur ritað á dómsgjörðirnar, ekki er í rjettu
formi, en með því úr þessu er bætt með áfrýjunar-
stefnu amtsins, hefur það ekki orðið málinu að foráttu.
Í annan stað ber þess að geta, að undirdómarinn, þeg-
ar hann hefur sett rjettinn, ekki hefur nafngreint dóm-
arann, sem þó átti að vera.

Í þriðja lagi hefur orðið talsverður dráttur á mál-
inu, sem hjeradsdómariinn alls ekki hefur reynt að
rjettlæta; en yfirdóminum virðist þó eptir atvikum
ekki vera fullnæg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð
fyrir.

Hinum ákærða ber að greiða allan af áfrýjun máls-
ins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflut-
ningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn,
10 kr. til hvors þeirra.

Sókn og vörn málsins við yfirdóminn hefur verið
lögsmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins í máli þessu á að vera
óraskaður. Hinum ákærða ber að greiða allan af
áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með
talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns
við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Mel-
steðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. ágústmán.

Nr. 13/1880,

Guðmundur Bjarnason

gegn

bæjarfógeta E. Th. Jónassen